



## SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagurinn 22. september 2005

Ákvörðun nr. 6/2005

### Samruni Atorku Group hf. og Besta ehf.

#### 1.

Með bréfi, dags. 22. ágúst 2005, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um að Atorka Group hf. (Atorka) hefði keypt allt hlutfé í Besta ehf. Bréfinu fylgdi samrunaskýrsla, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 930/2001 um tilkynningu samruna<sup>1</sup>. Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 8. júlí 2005, auk ársreikninga fyrirtækjanna fyrir árið 2004 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur kaupsamningurinn í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

#### 2.

Í tilkynningunni kemur fram að Atorka sé skráð í Kauphöll Íslands og að félagið hafi þann tilgang að „fjárfesta í verðbréfum fyrirtækja, einkum hlutabréfum arðbærra og vel rekinna fyrirtækja sem og þátttaka í rekstri fyrirtækja sem félagið fjárfestir í.“ Þá segir að starfandi félög hér á landi sem lúta yfirráðum Atorku séu m.a. IcePharma hf., Ísmed ehf., Gróco ehf., Parlogis hf. (áður Lyfjadreifing ehf.), A. Karlsson ehf., Sæplast hf. og Austurbakki hf.

Besta hf. er fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á hreinlætisvörum, s.s. hreinsiefnum, sápum, bónum og áhöldum til hreingerninga og ræstinga. Þá annast fyrirtækið innflutning og sölu á stærri iðnaðarhreinsivélum og sérhæfðum tækjum til hreingerninga.

Í tilkynningunni kemur fram að markmið Atorku með samrunanum sé að hasla sér völl á markaði þar sem það hafi ekki starfað áður, þ.e. markaðnum fyrir heildsölu og smásölu á hreinlætisvörum og tengdum vörum. Að mati Atorku geti starfsemi Besta vel farið saman við rekstur annarra fyrirtækja félagsins á sviði heildsöludreifingar, s.s. IcePharma, A. Karlssonar, Gróco og Ísmed.

#### 3.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að kaup Atorku á Besta styrkja stöðu hins síðarnefnda á þeim markaði sem það starfar þar sem fjárhagslegur og efnahagslegur

---

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



styrkleiki nýs móðurfélags, þ.e. Atorku, er mun meiri en núverandi eigenda. Á hinn bóginn virðist ljóst að ekki er um skaðleg samkeppnisleg áhrif að ræða á umræddum markaði vegna samrunans þar sem önnur félög í eigu Atorku starfa að mestu leyti á öðrum mörkuðum en Besta. Ekki hafa komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni. Í ljósi þessa er það mat eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Atorku og Besta á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

**Ákvörðunarorð:**

**„Með kaupsamningi, dags. 8. júlí 2005, keypti Atorka Group hf. allt hlutfé í Besta ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson